

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

**TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ**



**NÝTT FRÁ LEVI'S**



Allar LEVI'S gallabuxur fyrir dömur, kr. 7.995

Allar LEVI'S gallabuxur fyrir herra, kr. 9.995

Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

**KORPU** **OUTLET**

**Girnilegasti lagermarkaður landsins!**

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opíð mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400



Síðasta sms sem Hörður Magnússon fékk var frá manninum í appelsínugulu úlpunni.



## Betri í boltanum en leiklist

**Hannes Þór Halldórsson og Baldur Kristjánsson gera auglýsingar með U21 landsliðinu fyrir lokakeppni EM.**

Hannes Þór Halldórsson, leikstjóri og markvörður KR í knattspyrnu, eyddi páskaunum á meginlandi Evrópu þar sem hann þeysti milli Belgíu, Hollands og Þýskalands til að taka upp auglýsingar fyrir Kók með leikmönnum U21 landsliðsins. Með honum í för var Baldur Kristjánsson ljósmyndari og var lokahnykkurinn síðastliðinn miðvikudag með þeim Rúrik Gíslasyni og Aroni Einari Gunnarssyni, en þeim var flogið hingað til lands til að leika í auglýsingunum.

„Þetta er metnaðarfullt verkefni. Algjör hetjuauglýsing,“ segir Hannes sem kann betur en flestir að búa til hetjuefni, en hann er maðurinn á bak við til dæmis Leynilögutrailar Audda og sjónvarpsþættina Atvinnumennina okkar. „Það var gaman að sjá Gylfa taka á móti okkur á rándýrum Porsche-jeppa, en bjóðast strax til að hjálpa okkur að bera töskur og græjur. Hann er mjög kammó og þægilegur gæi og ekkert búinn að tapa sér þó að hann sé búinn að eignast

pening,“ segir Hannes þegar hann er spurður hvort glamúrinn á ungu landsliðsstrákunum sé svipaður og á atvinnumönnum sem teknir voru fyrir í þáttunum.

### 25 tókur á einföldu atriði

Hannes á erfitt með að meta hver hafi verið besti leikarinn af strákunum, en segir jákvætt að þeir hafi valið knattspyrnuna frekar en leiklistina. „Rúrik fékk til dæmis það einfalda verkefni að líta upp og strjúka sér um ennið á sama tíma. Það þurfti svona 25 tókur til að ná því. Hann negldi það þó á endanum, enda myndarlegur maður,“ segir hann og hlær.

Strákarnir sem spila á Íslandi léku í senu sem tekin var upp í ískulda og roki á Seltjarnarnesi undir rigningargvél. „Ég var í flispeysu og úlpu en var samt svo kalt að ég gat ekki hugsað. Þeir voru í engu nema æfingatreyyju og auk þess rennbautir undir rigningargvélinni. Eftir fjóra-fimm



klukkutíma af tókum kom framleiðandinn til mín og sagði: „Nú hættir þú. Þú vilt ekki að íslenska landsliðið verði allt með lungnabólgu út af þér,“ segir Hannes.

## Monitor mælir með

**SPILARANN** Hin 22 ára gamla Adele er að taka yfir heiminn um þessar mundir enda er nýjasta plata hennar, **21**, alveg frábær og þess virði að hlusta á. Löggin eru ef til vill heldur væmin á köflum en allir hafa gott af því að komast í snertingu við mjúku hliðina af og til.



**MALLAKÚTINN** Það jafnast ekkert á við ljúffengan bröns á laugardagsmorgnum og á kaffihúsinu **Tíu dropum** er hægt að fá einn slíkan í hæsta gæðaflokki á góðu verði. Beikon, egg og allt tilheyrandi fyrir þá sem eru hrifnir af listinni við að sameina morgunmat og hádegismat í eina stóra kaloríuveislu.

**Á NETINU** Lady Gaga leitar að aðstoðarmanni fyrir verkefni sitt hjá tímaritinu Metro í Bretlandi. Á vefsíðunni **LadyGaga-Metro.com** má sjá allar umsóknir þar sem fólk svarar spurningunni „Why were you born this way?“ og má þar finna fáránlega fyndin, góð, léleg og furðuleg svör sem er hægt að skemmta sér konunglega yfir.



### Vikan á...

## facebook

**Blaz Roca** er í slakanum 27. apríl kl. 02:54

**Ilmur Kristjánsdóttir** Hitti forsætisráðherra Skotlands áðan, hann tók í hönd mína og ég þakkaði honum fyrir matinn - ég hélt að hann væri eigandi veitingastaðarins sem ég var að borða á, svo spurði hann mig hvort ég mælti með einhverju á matseðlinum.... ég sagði honum bara að fá sér ostrurnar. Það er gaman í Galsgow:) 27. apríl kl. 00:28

**Vala Grand** hahahaha ég mætti í skólan í dag ein var ekki að fatta að skólin hjá mér byrjaði á morgun ...svo mín var bara biðandi 15 mín eftir hurðin opna og alveg gáttuð hvað fólk væri að koma seint í skólan eftir langan páska frí hahahahaha 26. apríl kl. 13:01

**Auðunn Blöndal** Hélt ég mundi aldrei segja þetta en Friends eldist ekki vel !!! Búinn að henda 1 seríu af Entourage í tækid í staðinn... 26. apríl kl. 00:58

**Emmsjé Gauti** Þegar ég segi „fokk“ segið þið „Jesús“ fór misvel í tónleikagesti Prikisins á páska-nóttu 25. apríl kl. 19:38

### Feitast í blaðinu

**Marcus Walker** varð Íslandsmeistari með KR á dögnum. Hann elskar Ísland. >>>4

**Misskildir lagatextar.** Um hvað fjallaði Bohemian Rhapsody í raun og veru? >>>8

**Jón Jónsson í viðtali.** Hann á sér draum um að rústa herbergi þó hann sé edru. >>>12

**Stíllinn kikir í fataskápinn** hjá Hallfríði Þóru og Andra Hrafni. >>>16

**Höddi Magg í lokaþrófinu.** Bradley Cooper myndi leika hann í kvikmynd. >>>22

### Efst í huga Monitor

## „Lífið er eins og sardínudós“

**M**argir lentu illa í því um páskana er þeir opnuðu spennnir páskaegginn sín. Auðvitað er átt við spennuna sem fylgir því að lesa málsháttinn sem leynist inni í súkkulaðiegginu á hverju ári.

Í mörgum tilvikum urðu súkkulaðiunnendur fyrir vonbrigðum með málshættina sem verða furðulegri og furðulegri með árunum. Deila má um hvort frumleiki þeirra sé til bóta en hér eru nokkur dæmi um málshætti sem eru með þeim verstu í bransanum.

Ekki þarf nema einn gikk í hverri veiðiferð.

Guð fer ekki í manngreinaralit.

Allir eru ógiftir í verinu.

Enginn verður af einum bita feitur.



Betra er eplið gefið en étíð.

Dauðir lykta allir menn eins.

Ekki má vita hver gefur öðrum bita.

Betra er að vera góður maður en þykjast.

Á sléttlendi heldur þúfan að hún sé fjall.

Fram og aftur er jafn langt.

Allir elska eitthvað.

Grísir gjalda, gömul svín valda.

Sá sem vill mjólk, ætti ekki að setjast á stól með fötu úti í haga og biða eftir því að kýrin komi til hans.

Ef hundur yrði bænheyrður myndi rigna beinum.



# Elskar Ísland

**Marcus Walker** er 24 ára gamall bandarískur körfuboltamaður frá Kansas City sem sýndi ótrúleg tilprif með **KR** í vetur og fagnaði Íslandsmeistaratitlinum með þeim í síðustu viku. **Monitor** spurði Marcus út í lífið á Íslandi og bjarta framtíð hans í körfunni.



**Vissir þú eitthvað um Ísland áður en þú komst til landsins?** Ég vissi ekki mikið um landið áður en ég kom. Áður en ég kom ákvað ég að forvitnast um landið á Google og það fyrsta sem ég sá var Bláa lónið. Ég var mjög spenntur fyrir komunni hingað en ég hélt að hér myndi vera miklu kaldara og verra veður. Ísland kom mér mjög mikið á óvart og mér hefur líðið mjög vel hérna.

**Vissir þú að hér væri spilaður körfubolti?** Já, reyndar. Leikmaður frá sömu borg og ég spilaði hérna á síðasta leiktímabili svo ég hafði heyrt um íslenskan körfubolta áður.

**Hvað finnst þér um íslenska körfuboltann?** Mér finnst hann frábær. Það er mikil samkeppni í deildinni en ég vildi óska að það væru fleiri leikir á tímabilinu.

**Af hverju valdir þú að koma til Íslands?** Ég fékk tilboð um að spila í öðrum löndum en mér leist svo vel á KR þar sem þeir hafa oft unnið deildina og eru gott lið svo ég ákvað að koma hingað.

**Hvernig kannt þú við þig hér?** Ég elska Ísland. Allir hafa verið mjög vingjarnlegir við mig og það er búið að vera frábært að spila fyrir KR.

**Hvað er það besta við Ísland að þínu mati?** Liðsfélagar

mínir í KR. Ég hefði ekki getað valið betra lið og ég hef aldrei fengið heimþrá því þeir buðu mig velkominn strax á fyrstu æfingunni.

**En það skrítnasta?** Mér fannst rosalega skrítið að sjá fólk skilja börnin sín eftir fyrir utan búðir meðan það fer inn að versla. Það er algjör klikkun og í fyrsta skipti sem ég sá það var ég rosalega hissa.

**Er satt að þú hafir keypt flugmiða fyrir mömmu þína til Íslands til að koma og horfa á úrslita-keppnina áður en KR komst svo langt?** Já, ég gerði það. Ég hafði á tilfinningunni að við myndum komast í úrslitin og sem betur fer gekk það eftir.

**Hvað er framundan hjá þér?** Ég fer heim í vikunni og þarf að ákveða með foreldrum mínum hvað sé best fyrir mig að gera á þessum tímamarki ferilsins. Ég hef samt ekki mikinn tíma til að hugsa mig um hvaða markmið ég vil setja mér og mun líklega afgreiða þetta á innan við viku. Það er aldrei að vita hvað gerist næst.

**Langar þig að koma aftur til Íslands þó þú munir kannski ekki halda áfram í körfuboltanum hér?** Alveg pottþétt. Það er mjög gott að búa hérna og ábyggilega mjög skemmtilegt að koma hingað í frí. Umhverfið er svo rólegt og ég væri alveg til í að flytja hingað aftur einn daginn.

## Á 60 SEKÚNDUM

**Uppáhaldslið í NBA?** Það hljómar kannski ótrúlega en ég á mér ekkert uppáhaldslið og horfi mjög sjaldan á NBA.

**Uppáhaldskörfuboltamaður?** Allen Iverson.



**Uppáhaldskörfuboltamaður á Íslandi?** Pavel Ermolinski í KR.

**Uppáhaldstónlistarmaður?** Ludacris.



**Uppáhaldsmatur?** Kjúklingur í ofni með hrísgrjónum.

**Uppáhalds íslenski matur?** Lambakjöt.

**Uppáhaldskörfuboltakvikmynd?** He Got Game og Love & Basketball.





# Sumarfiðringur í próflestrinum

**3.650,-**

**BOLLÖ fellistóll**  
Sæti H46cm  
Gegnheill akasíuviður

**3.650,-**

**BOLLÖ felliborð**  
B60xL60, H72cm  
Gegnheill akasíuviður

© Inter IKEA Systems B.V. 2011



Skannaðu  
QR kóðann  
og fáðu  
sumarfiðring





MARÍNA ÓSK ÁSAMT HINUM  
VATNSHRÆDDU KROSSFISKUM

Mynd/Sigurgeir

# Eingetið nýbylgjuafkvæmi Trúbrots

Hljómsveitin **Hydrophobic Starfish** vakti athygli á Músíktíraunum í fyrra og hefur getið sér gott orð síðan. **Monitor** ræddi við **Marínu Ósk**, söngkonu sveitarinnar, sem er eitt allsherjar tónlistargúrú.

**Hvernig myndir þú lýsa tónlistinni ykkar í fimm orðum?** Léttþoppuð nýbylgja undir hippískum áhrifum.

**Hvað er hydrophobic krossfiskur?** Þetta þýðir í rauninni bara vatnshræddur krossfiskur. Nafnið er hugmyndasmíð Magnúsar og Arnars Péturs og er held ég bara eitthvað hljómsveitaflipp svo það er engin rosaleg meaning á bak við vatnshrædda krossfiskinn.

**Hversu erfitt er að vera eina stelpa í hljómsveitinni?** Ég er ekki frá því að ég sé orðin ein af strákunum. Ég hlæ að sömu bröndurunum og fíla líka fótbolta alveg í dödlur. Þeir eru samt með svona strákahúmor sem ég er alveg komin inn í. Kærastinn minn tók að minnsta kosti eftir stórra húmorsbreytingu eftir að ég byrjaði í hljómsveitinni.

**Hvernig kom það til að þú byrjaðir í hljómsveitinni?** Ég var í söngtíma og sá auglýsingu í FÍH en strákarnir eru einmitt allir að læra þar. Svo fór ég í áheyrnarprufu og þetta small allt saman alveg svakalega vel.

**Hvað ert þú að gera fyrir utan að vera söngkona í rokkhljómsveit?** Ég er tónlistarkennari á Suðurnesjunum. Kenni söng og á þverflautu, klarinett, saxófón og trompet. Svo er ég sjálf að klára tónlistarnámið mitt í Reykjanesbæ. Er að

klára burtfararpróf í rytmískum söng og þverflautu.

**Hvaða söngkona er þín helsta fyrirmynd?** Þær eru eiginlega nokkrar. Ég er undir áhrifum frá Evu Cassidy, einhvers konar soul Aretha Franklin blundar í mér og svo vottur af Shady Owens. Það var allavega sagt við mig um daginn að ég hljómaði eins og hún sem er æðislegt.

**Draumagiggjó?** Eigum við ekki bara að segja Hróarskelda og Muse að hita upp fyrir okkur eða öfugt. Það væri þínu draumur að spila þar.

**Afkvæmi hvaða tveggja hljómsveita væri Hydrophobic Starfish?** Ég myndi segja Trúbrot því við höfum oft fengið svona Trúbrots-vibe frá fólki og svo hefur okkur verið líkt við Írafar sem ég er ekki sammála. Ætli við séum ekki bara eingetið afkvæmi Trúbrots með áhrifum frá nýbylgju.

**Hvað er framundan hjá hljómsveitinni?** Spila á Svínarí á Faktorí í byrjun maí og svo er stefnan að reyna að gigga sem mest og koma okkur að. Við ætlum að reyna að taka einhverja tónleika í sumar og spilum vonandi á Airwaves í haust. Það var æðislega gaman síðast.

**Er plata á leiðinni?** Það fer eftir hversu vel gengur. Við eigum nóg efni í plötu en það

## HYDROPHOBIC STARFISH

Stofnuð: 2009.

**Meðlimir:** Marína Ósk (söngur), Arnar Pétur (gítar), Magnús Ben (hljómborð), Örn Ingi (bassi) og Gunnar Leo (trommur).

**Tvö góð lög:** Leiðin heim og 1967.

**Fyndin staðreynd:** Æfingastaður Hydrophobic Starfish er stofa Magnúsar Hljómborðs-leikara því þau eru svo rosalega heimilisleg.

verður bara að koma í ljós hvenær hún fær að líta dagsins ljós.

**Uppáhaldscoverlag?** Það er þínu skrítið að við spilum engin coverlög. Reyndar tókum við eitt á æfingu um daginn, einhvern blús og ég tók nokkra flotta tóna á munnhórpuna. Yfirlætt þegar þeir fara eitthvað að djamma á æfingum sest ég bara og fer í símann.

**Ætlið þið að meika það?** Við stefnum á að verða nafn. Það er klárlega næsta skref og við viljum vera þekkt. Okkur finnst við hafa alla burði til þess og auðvitað er draumurinn að meika það og túra um Evrópu.

**Á Facebook-síðu hljómsveitarinnar segist þið stefna á heimsyfírráð eða dauða. Hvoru eru þið nær í augnablikinu?** Ætli við séum ekki nær heimsyfírráðum því við erum afskaplega lifandi og eldhress.

## Mun ekki horfa á brúðkaupið



Tónlistargoðið Morrissey ásak- aði bresku konungsfjölskylduna um að vera tækifærissinna í útvarpsviðtali á BBC 5live í vikunni. Hann sagðist ekki ætla að horfa á brúðkaup Vilhjálms og Kate Middleton en talið er að um tveir milljarðar manns muni horfa á athöfnina sem allir eru búnir að vera að tala um síðustu vikur og jafnvel mánuði. „Af hverju ætti ég að horfa á brúðkaupið? Af hverju ætti ég að horfa á það?“ sagði Morrissey í viðtalinu. „Ég get ekki tekið neitt af þessu alvarlega. Mér finnst þessi svokallaða konungsfjölskylda ekki tala máli Bretlands núna og mér finnst landið ekki þurfa á henni að halda,“ hélt Morrissey áfram og var hvergi nær hættur að segja skoðanir sínar á konungsfjölskyldunni. „Mér finnst þau vera tækifærissinnar og ekkert annað. Ég held að þau þjóni engum tilgangi,“ sagði Morrissey sem er greinilega ekki par sáttur með gengið í Buckingham-höll.

## Hryllingsmyndin Black Sabbath



Tónlist Ozzy Osbourne og hljómsveitarinnar Black Sabbath mun prýða nýja hryllingsmynd sem sonurinn Jack Osbourne er með í bígerð um þessar mundir. Jack á framleiðslufyrirtækið Jacko Productions og gaf út yfirlýsingu varðandi nýju hryllingsmyndina eftir frumsýningu tónleikaheimildarmyndarinnar God Bless Ozzy Osbourne sem hann framleiddi einnig. Hann virðist hafa gaman af að gera kvikmyndir tengdar föður sínum og mun nýja myndin einfaldlega heita Black Sabbath og innihalda tónlist hljómsveitarinnar en ekki er komið í ljós hvernig söguþræðinum verður háttað.

## Með hákarla heima hjá sér



Rapparinn Lil Wayne er um þessar mundir að leggja loka-hönd á níundu breiðskífu sína, The Carter IV, sem kemur út þann 16. maí í Bandaríkjunum. Flest lögín voru tekin upp og samín eftir að hann kom úr fangelsi þann 4. nóvember á síðasta ári. Í viðtali við MTV News sagðist hann vera búinn á því eftir mikla vinnutörn en hlakkar engu að síður til að gefa út plötuna. Paris Hilton tók áhugavert viðtal við Lil Wayne fyrir Interview Magazine og spurði hann meðal annars út í gæludýr þar sem hún hefur einmitt mikinn áhuga á slíkum, sérstaklega smáhundum. Þá kom í ljós að rapparinn á frekar óvenjuleg gæludýr er hann sagðist eiga fjödamarga fiska og tvo hákarla. „Annar þeirra er nýfæddur en hinn er töluvert stærri,“ sagði Lil Wayne sem geymir hákarlana í búri á heimili sínu í Miami.



## Vill ekki búa í lúxusíbúð

Söngdíván Susan Boyle afhjúpaði vaxmynd af sjálfri sér fyrr í vikunni á Madame Tussaud's safninu í Blackpool. Hún er því opinberlega orðin stórstjarna en vill ekki lifa sem slík. Á síðasta ári flutti hún af gamla heimili sínu í Blackburn eftir að unglingur braust inn í húsið. Hún flutti þá í lúxusíbúð sem sáemir stórstjörnu en hefur nú ákveðið að flytja aftur í gamla húsið sitt þar sem lúxusinn henti henni illa. Susan sagði í nýlegu viðtali að hún saknaði einnig gömlu nágrannanna og samskiptanna sem fylgdu því að búa í grónu hverfi.



# Saman látum við hjólin snúast



PÚ

SKÓLANÁM

## NÁMSGREINAR Í GRUNNÁMI

- BSc í byggingafræði
- BSc í íþróttufræði
- BA í lögfræði
- BSc í sálfræði
- BSc í tæknifræði
- BSc í tölvunarfræði
- BSc í verkfræði
- BSc í viðskiptafræði
- Diplómanám í iðnfræði
- Diplómanám í kerfisfræði

UMSÓKNARFRESTUR  
ER TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

[www.hr.is](http://www.hr.is)





MERCURY SAGÐI TEXTANN VERA BULL OG VITLEYSU

### Bohemian Rhapsody

**Queen**  
Oft hefur því verið haldið fram að hið stórmerkilega lag Queen segi frá baráttu söngvarans Freddie Mercury við alnæmi og dramatískur textinn um eftirsjá tákni erfiðleikana við að sætta sig við dauðann. Meðlimir sveitarinnar hafa ekki viljað tjá sig mikið um sanna merkingu textans en Mercury hafði látið hafa eftir sér að orðin væru samsuða af einhverju rugli sem rímaði og passaði vel við tónlistina.



BRUCE GLOTTIR LÍKLEGA Í KAMPINN Á HAFNABOLTALEIKJUM

### Born In The USA

**Bruce Springsteen**  
Það er kannski augljóst fyrir mörgum en þessi misskildi baráttusöngur Bandaríkjamanna er með þeim kaldhæðnari í mannkynssögunni. Margir Bandaríkjamenn syngja hástöfum er lagið er spilað fyrir hafnaboltaleiki og fyllast þjóðerniskennd án þess að hlusta almennilega á textann. Lagið var samið til að benda á neikvæð áhrif stríðsins í Vietnam á Bandaríkjamenn en viðlagið hljómar svo vel fyrir flestum að versin eiga til að gleymast.



MADONNA VEIT AÐ NEKT SELUR

### Material Girl


**Madonna**

Margir halda að lagið sem skaut Madonna upp á stjörnuhimininn hafi verið sungið frá hennar innstu hjartarótum en poppdrottningin var í raun að gera grín að efnishyggi heimsins. Í viðtali við tónlistartímaritið Rolling Stone árið 2009 sagði Madonna lögin Material Girl og Like A Virgin hafa verið sungin í mikilli kaldhæðni til að ögra heiminum. „Textinn fjallaði alls ekkert um mig,“ sagði söngdívann um smellina. „Veraldlegir hlutir skipta mig litlu máli og ég var svo sannarlega ekki hrein mey.“

### Summer of '69

**Bryan Adams**

Árið 1969 var Bryan Adams tíu ára gamall svo lagið hefur nákvæmlega ekkert að gera með ártalið. Textinn segir frá sumri þar sem hann var í hljómsveit, varð ástfanginn og lærði á gítar en Adams segir allt það vera bull í kringum merkingu lagsins. Talan 69 vísar nefnilega í kynlífsstillingu sem hann er mjög svo hriðinn af og lagið fjallar aðallega um að njóta ásta á sumrin, sama hvort það er árið 1969 eða 1999.



ER HANN AÐ HUGSA UM KYNLÍFSSTELLINGAR?

### Mr. Tambourine Man

**Bob Dylan**

Ótalmargar kenningar hafa verið uppi um merkingu textans í lagi Dylans og yfirleitt hefur verið talið að lagið fjalli um ofskynjunarlyf og Mr. Tambourine Man sé þá eiturlyfjafali Dylans. Yfirbragð lagsins styður kenninguna vel og þykir um margt líkjast áhrifum eiturlyfja á borð við LSD en Dylan segist ekki hafa tekið slíkt fyrir en eftir að hann samdi lagið. Hann segir lagið alls ekki vera um eiturlyf heldur leitina að innblæstri og bendir á að fyrirmyndin að hinum fræga tambúrínumanni sé tónlistarmaðurinn Bruce Langhorne sem lék á stóra tyrkneska tambúrínu í mörgum laga Dylans.



HVER VAR EIGINLEGA HERRA TAMBÚRÍNA?

### Lucy In The Sky With Diamonds

**The Beatles**

John Lennon hélt því staðfastlega fram alla tíð að lagið hafi verið samið í kringum mynd sem sonur hans teiknaði og hefði ekki að gera með ofskynjunarlyfið LSD þrátt fyrir að orðin Lucy, sky og diamonds myndi skammstöfun lyfsins. Textinn hljómar svo sannarlega eins og eitthvað sýrutripp en Lennon stóð fastur á sínu þrátt fyrir að hafa viðurkennt að margir aðrir textar Bítlanna hafi vissulega fjallað um eiturlyf og reynslu þeirra af slíku.



ÞEIR HITTU LUCY IN THE SKY WITH DIAMONDS AF OG TIL



HÓTELÍÐ GÆTI VERIÐ HIMNARÍKI EÐA HELVÍTI

### Hotel California

**The Eagles**

Furðulegur textinn við þetta fræga lag hefur fengið ótalmargar túlkningar í gegnum árin. Ein er sú að lagið vísi í hótél sem stofnandi Djöflakirkjunnar, Anton La Vey, keypti en meðlimir sveitarinnar segja hana ranga. Lagið fjalli í raun um háan lífstandard sveitarinnar í Bandaríkjunum og Los Angeles.



STING Á SÍNAR DÖKKU HLIÐAR

### Every Breath You Take

**The Police**

Ástfangin þör hafa löngum túlkað textann sem rómantískan ástaróð og lagið hefur verið leikið í brúðkaupum um árabil. Sting hafði þó allt annað í huga og hefur sagt að lagið sé í raun mun óhuggulegra en fólk grunar. Hann skrifaði textann er hjónaband hans var í rúst og vildi tjá afbrýðisemi og þráhyggi sem helltist yfir hann á því tímabili. Hann segir textann eiga meira við eltihrælli en ástfangna menn.

# Ástarlag eða pólítískur áróður?

Það er ekki alltaf auðvelt að skilja merkingu lagatexta. Monitor tók saman nokkra sem hafa valdið miklum misskilningi í gegnum tíðina.



# Grætt á brúðkaupinu


**Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton ganga í það heilaga á föstudaginn. Sauðsvartur almúginn getur veðjað á hina ýmsu hluti tengda brúðkaupinu og tók Monitor saman það helsta sem veðbankar bjóða upp á.**



- Á MEÐAL ÞESS SEM HÆGT ER AÐ VEÐJA Á VERÐUR BRÚÐARVÖNDURINN GRIPINN?
- VERÐUR RIGNING ÞEGAR ÞAU MÆTA TIL KIRKJUNNAR?
- MUN PABBI KATE GRÁTA ÞEGAR HANN LEIÐIR HANA NIÐUR KIRKJUGÓLFID?
- BILAR BÍLLINN Á LEIÐINI AÐ KIRKJUNNI?
- KLIKKAR BEINA ÚTSENDINGIN HJÁ BBC?
- VERÐUR VILHJÁLMMUR MEÐ GLERAUGU Í ATHÖFNINI?
- MUN EINHVER MISSA GIFTINGARHRINGINN?
- VERÐUR BRÚÐKAUPS DAGURINN HEITASTI DAGUR ÁRSINS 2011?
- NÆST MYND AF FILIP PRINS SOFANDI Á MEÐAN Á ATHÖFNINI STENDUR?
- MUN BRÚÐKAUPS GEISLADISKURINN NÁ EFSTA SÆTI Á BRESKA VINSÆLDALISTANUM?
- MUN KATE YFIRGEFA VILHJÁLMMUR VÍÐ ALTARIÐ?
- MUNU VILHJÁLMMUR OG KATE EIGNAST SON SEM MUN SPILA Í ENSKU ÚRVALSDEILDINI?
- MUNU VILHJÁLMMUR OG KATE EIGNAST BARN SEM PRÝÐIR FÖRSÍÐU VOGUE ÁÐUR EN ÞAÐ VERÐUR 18 ÁRA?

## VIÐ HVADDA LAG DANSA ÞAU BRÚÐKAUPS DANSSINN?

- 6,00 You're Beautiful (James Blunt)
- 8,00 Don't Wanna Miss A Thing (Aerosmith)
- 9,00 You're Still The One (Shania Twain)
- 9,00 Angels (Robbie Williams)
- 9,00 Everything I Do (Bryan Adams)
- 11,00 Amazed (Lonestar)
- 11,00 Chasing Cars (Snow Patrol)
- 11,00 Truly Madly Deeply (Savage Garden)
- 13,00 I Will Always Love You (Whitney Houston)
- 13,00 When You Say Nothing At All (Ronan Keating)
- 15,00 Love Is All Around (Wet Wet Wet)
- 17,00 Wonderful Tonight (Eric Clapton)
- 17,00 Have I Told You Lately (Rod Stewart)
- 19,00 Nothing Compares 2 U (Sinéad O'Connor)
- 21,00 Without You (Nilsson)
- 26,00 How Deep Is Your Love (Take That)
- 34,00 Unchained Melody (Righteous Brothers)
- 34,00 The Power Of Love (Jennifer Rush)
- 51,00 Sex On Fire (Kings Of Leon)



## HVAR KYSSIR VILHJÁLMMUR KATE Á SVÖLUNUM?

- 1,20 Á varirnar
- 5,00 Á kinnina
- 17,00 Á hendina
- 21,00 Á ennið
- 34,00 Á eyrað

## HVAÐ VERÐUR Í MATINN?

- 1,73 Naut
- 2,50 Lamb
- 6,00 Kjúklingur
- 9,00 Fiskur
- 9,00 Hjörtur
- 21,00 Fasani
- 21,00 Akurhæna
- 21,00 Skógarhænsni
- 26,00 Svin
- 34,00 Pasta
- 51,00 Pítsa
- 101 McDonalds / KFC / Burger King

## HVAÐ ER STUÐULL?

Upphæðin sem lögð er undir á tiltekið atriði er margfölduð með viðkomandi stuðli ef það fer rétt. **Dæmi:** Ef þúsund krónur eru lagðar undir á að það verði fiskur í matinn fást 9.000 krónur til baka þar sem stuðullinn er 9,00.



Vodafone IS 3G

10:32



## Dýrð í Apphæðum!

### Fermingartilboð í öllum verslunum

Stórsnjallir símar á frábæru verði auk úrvals framúrskarandi fermingargjafa.

Prófaðu nýjustu tæknina og sjáðu framtíðina með þínum eigin augum. Láttu ekki app úr hendi sleppa.



Nokia C5-03

**200 MB**  
á mán. fylgir með í 6 mán.

**2 bíómiðar**  
í Sambíóin fylgja á meðan bírgöfir endast

**3.333 kr.**  
á mán. í 12 mán.  
Fullt verð: 39.990 kr.

power to you







Opnaðu tónlist






**Jón Jónsson** er knattspyrnu-  
maður og menntaður hagfræð-  
ingur. Þú veist hver hann er af  
því að undanfarið ár er hann  
búinn að gefa út hvern slagar-  
ann á fætur öðrum. Þá verður  
að finna á hans fyrstu plötu  
sem kemur út í næsta mánuði.

*Feginn*  
*að fara ekki*  
**auðveldu**  
**leiðina**







viðtalið



**Texti:** Björn Bragi Arnarsson  
**Myndir:** Allan Sigurðsson

bjornbragi@monitor.is  
allan@monitor.is

Tónlistarmaðurinn Jón Jónsson gefur út sína fyrstu plötu, *Wait for Fait*, í næsta mánuði. „*Wait for Fait* er titillag plötunnar. Það fjallar um gæja sem er staddur í stórborg að bíða eftir ástinni sinni,” segir Jón. Þótt hann neiti því að textinn sé saminn um eigin reynslu á hann ekki langt að sækja efnistökin. Jón bjó í Boston um þriggja ára skeið, þar sem hann stundaði hagfræðinám við Boston University. Hann kynntist kærustunni sinni 17 ára gamall, en þvertur þó fyrir að lögin séu meira og minna saminn um hana. „Þetta er ekki það væmið samband að ég sitji með gítarinn á rúmstokknum og syngi hana í svefn,” segir hann og hlær.

Upphaf tónlistarferils Jóns má rekja til unglingsára hans í Hafnarfirði þar sem hann var iðinn við að troða upp og taka þátt í hæfileikakeppnum. Síðar lá leiðin í Verzlunarskólann þar sem Jón fór með aðalhlutverk í nokkrum söngleikjum skólans. Hann fór hins vegar fyrst að spila eigið efni á háskólaárum sínum í Boston „þar sem enginn vissi hver maður var og þar varð einhver veginn nýtt upphaf,” segir Jón. Jón gaf út sitt fyrsta lag *hérlandis* í febrúar í fyrra, en það var lagið *Lately* sem náði miklum vinsældum. Í kjölfarið fylgdu *Kiss in the Morning*, *When You're Around* og *Sooner or Later*. „Ameríkuskotið sálaropp“ Jóns virðist hafa hitt beint í mark hjá landanum.

**Þú ert ekki beint með þennan týpíska bakgrunn sem flestar poppstjörnur hafa, ert með BA-gráðu í hagfræði og starfaðir nokkur sumur á markaðsdeild Landsbankans áður en þú fórst á fullt í tónlistina. Var ætlunin upphaflega að fara í hefðbundna, vel launaða 9-5 vinnu?**

Ætli það hafi ekki verið planið svona framan af. Ef það væri ennþá góðæri þá hefði ég eflaust reynt að fullræða mig á markaðsdeildinni og væri núna að upphugsu einhverja sjúka herferð fyrir Námuna. Það reyndar heillar alveg ennþá en ég er feginn því að hafa ekki farið alveg augljósu leiðina og staldrað aðeins við og gefið því tækifæri að sinna af fullri alvöru því sem mér finnst skemmtilegast.

**Maður hefur séð alveg 65 ára konur klappandi og syngjandi við *When You're Around*. Það er svona svipað „crowd“ og maður var að spila fyrir í fjölskylduböðum í gamla daga.**

**Hvenær breyttist allt? Var einhver vendipunktur sem varð til þess að þú ákvaðst að fara á fullt í tónlistina?**

Þegar ég fór til Boston í háskólanám árið 2006. Maður var búinn að vera svolítið smeykur við að vera með sína eigin tónlist hérna á Íslandi, enda var maður ennþá ungur og óharðnaður. Það spilaði líka inn í að ég var enn að má af mér söngleikjastimpillinn síðan í Verzló. Svo kom ég til Boston þar sem enginn vissi hver maður var og þar varð einhver veginn nýtt upphaf. Ég asnaðist til að spila þessi lög fyrir fólkið í kringum mig og þau voru bara „yeah, that's what's fucking up“. Þegar ég fann að fólkið úti var að fíla þetta hélt ég áfram að semja lög og spila. Þarna var ég reyndar það klikkaður að ég hélt að ég myndi bara vera í Boston og verða einhver hetja þar. Auðvitað var það ekki þannig, þetta voru bara einhverjir vinir í kringum mann. Ég myndi segja að annar vendipunktur hafi verið að Frikki bródrullaðist til að gefa út alltof vinsælt lag (*Hlið við hlið*). Þá hugsaði ég með mér: „Ég er eldri bróðir hans og það er ég sem var alltaf að semja lög, hvaða rugl er þetta? Ég kenni honum á gítari!“ Þetta á ekki að hljóma svona biturt samt (hlær). En hann setti pressu á mig og mamma og pabbi voru bara: „Heyrðu, litli bróðir þinn er búinn að gefa út lag. Drullast þú til að gefa út lag, þú átt nóg af þessu.“ Þannig að vendipunktarnir eru Boston og Friðrik.

**Þetta var síðla árs 2009.**

**Hvenær komstu heim frá Boston?**

Vorið 2009. Síðan fór ég með Kristjáni (Sturlu Bjarnasyni, hægri hönd Jóns í tónlistinni) út í tvo mánuði í reisu um Bandaríkin í október og nóvember.

Á meðan ég var úti var Friðrik á því líkri uppleið með lagið sitt *hérna heima*.

**Hvað gerðist þegar þú komst heim úr Bandaríkjaréisunni?**

Þá fór ég að hugsa um þetta á aðeins alvarlegri nótum. Aðallega vegna þess að það hafði gengið svo vel í Bandaríkjunum og ég hugsaði með mér að nú þyrfti ég að fara að gefa út lög og stefna á plötuútgáfu. Það var gott og hollt að fá viðbrögð frá Íslendingum. Ég man hvað það var ótrúlega gaman þegar ég og Kristján fögnuðum því fánalega mikið þegar *Lately* var í 10. sæti á topp 30 lista Rásar 2 og svo 8 mánuðum seinna *When You're Around* í 1. sæti á Bylgjunni. Öll þessi litlu skref eru mjög skemmtileg. Í september í fyrra héldum við mjög vel heppnaða tónleika í Risinu en það voru fyrstu tónleikarnir sem Prime (umboðsskrifstofa Jóns) skipulögðu. Tónleikarnir gengu framur vonum og það mættu svo margir að það þurfti að hætta að hleypa fólki inn. Júlli (Júlíus Jóhannsson, umboðsmaður Jóns) æstist allur upp við þetta og hélt að hann væri kominn með einhvern undra tónlistarmann í hendurnar sem ætti bara milljónir aðdáenda á Íslandi svo hann fór strax í að plana gígg á Græna Hattinum á Akureyri. Þar mættu aftur á móti svona 25 manns. Það var frekar fyndið en kennið manni um leið að það þarf þolinmæði í þessu öllu. Róm var ekki byggð á einum degi.

**Þú virðist eiga aðdáendur úr öllum hópum, unglingar, ömmur og afar og allir þar á milli. Er það rétt metið?**

Já, það er svolítið skemmtilegt. Fyrir svona fjórum mánuðum hefði ég sagt við þig að bara 40 ára og eldri væru að hlusta á þetta. En svo spilaði ég á Samfés og það gekk alveg fánalega vel. Svo erum við Kristján búinir að vera duglegir að fara í menntaskólana að spila í hádegishléum og við höfum fengið mjög góð viðbrögð þar. En það er rétt sem þú segir, maður hefur séð alveg 65 ára konur klappandi og syngjandi við *When You're Around*. Það er svona svipað „crowd“ og maður var að spila fyrir í fjölskylduböðum í gamla daga. Það hefur mótað mig (hlær).

**Lýstu tónlistinni þinni í setningu sem rúmast í Twitter-skiðboðum.**

Ameríkuskotið sálaropp þar sem kassagítarinn er búinn að eignast marga góða vini sem eru til í gott grúv.

**Þú kemur fram með hljómsveit undir þínu nafni. Hvort er Jón Jónsson sólólistamaður eða hljómsveit?**

Frá upphafi hef ég hugsað þetta sem Jón Jónsson – söngvari og lagahöfundur. Ég er mikill aðdáandi margra slíkra, John Mayer, Jack Johnson, Gavin DeGraw og allra þessara gæja. Líka vegna þess að tónlistin verður fyrst til á kassagítar og í söng. Ég tala ekki um hljómsveitina John Mayer eða hljómsveitina Elton John, en það er vissulega staðreynd að þessir menn væru lítið án þeirra frábæru hljóðfærleikara sem spila með þeim. Strákarnir sem spila með mér spila stóra rullu í þessu og Kristján er náttúrulega sérstaklega mikið með puttana í þessu. Ég hef verið duglegur við að gefa þeim það kredit sem þeir eiga skilið enda miklir hæfileikamenn og kannski er það þess vegna sem fólk hefur ruglast og haldið að Jón Jónsson sé hljómsveitarnafn.

**Á Þorláksmessu birtist frétt um að þú og allt bandið væri lagst í svínafleusu. Hvað var málið?**

Ég fékk símtal frá mbl.is en þar hafði einhver heyrt af veikindum í bandinu. Einn okkar hafði verið greindur með vott af svínafleusu og fékk eitthvað lyf. Það var í raun ekkert vesen nema hvað að frétta- maðurinn var tilbúinn að blása þetta aðeins upp og setti inn frétt undir fyrirsögninni: „Hljómsveitin með svínafleusu.“ Ég var létt ósáttur með þessa frétt enda kom hún sér ekkert alltof vel fyrir okkur svona rétt fyrir Þorláksmessugíg á Fabrikkunni. Ég held að enginn myndi njóta þess að borða hamborgarinn sinn og hlusta á svínafleusuhljómsveit í leiðinni. Ég hringdi aftur í blaðamanninn og útskýrði að ástandið á okkur væri ekki svona alvarlegt. Hann lagaði hana og úr varð einhver mest óspennandi frétt í heimi: „Hljómsveitin með fleusu.“

**Margir sem heyra lögin þín eiga erfitt með að trúa því að þarna sé Íslendingur á ferð. Stefni þú á að fara út með þetta?**

Þegar ég var ungur og vitlaus ætlaði ég að byrja á hinum endanum. Ætlaði bara að byrja í Boston og hélt að það væri nóg að spila þrisvar sinnum á einhverjum bar og þá myndi allt gerast. Núna er maður jarðbundnari og bara slakur á því hérna á Íslandi. Mér finnst krefjandi og skemmtilegt að vinna mér inn aðdáendur á Íslandi og reyna að sanna að þó maður sé poppari þá er alvara á bakvið þetta og að þetta er frá hjartanu. Sú krefjandi vinna er ennþá

## HRADASPURNINGAR

**Hvað er það síðasta sem þú hugsar um áður en þú sofna?** Hvernig Jesús hafi liðið á krossinum.




**Ef þú yrðir að borða sömu máltíðina í einn mánuð, hvaða máltíð yrði fyrir valinu?** Grjónagrautur og slátur.



**Með hverjum myndir þú helst vilja lokast í lyftu í klukkutíma?** Friikka Dór.


**Hvert er uppáhaldsvopnið þitt?** Allar gerðir eggvopna.

**Hvort myndir þú frekar sofa hjá Simma eða Jóa?** Ég myndi fá þá til að tvímenna á mig.



**Hvaða tungumál myndir þú mest vilja geta talað reiprennandi?** Frönsku eða spænsku. Myndi samt læra þýskuna til að skilja uppistandið hjá Mið-Íslandi.

**Hvaða persóna í kvikmynd eða sjónvarpsþætti myndir þú helst vilja vera?** Múfasa í *Lion King* til að upplifa það að sænga hjá ljónynju.



**Við hvað ertu hræddastur?** Elghestafaraldur.

**Eru álfar kannski menn?** Já. Sönnun þess má finna í gömlu Þykkvabæjarauglýsingunum.

**Hvar er draumurinn?** Á Rauðarárstíg 41.

í gangi. Ég á eftir að gefa út plötuna og það verður kannski prófsteinninn í þessu öllu saman, að sjá hvaða viðbrögð hún fær. En ég neita því ekki að bara af því að ég á svo marga góða vini úti í Bandaríkjunum þá langar mig að fara þangað og spila fyrir þá og vonast til þess að þetta spyrjist eitthvað út. Líka af því að ég er stoltur af því sem ég er að gera og vil að þau heyri að mér og bandinu hefur farið fram. Ég veit að þetta er dipló svar en það væri draumur í dós ef þetta gengi eftir.

**Gætir þú hugsað þér að flytja út og leggja allt í söllumar við að reyna að meika það?**

Nei. Ég hef það svo fínt á Íslandi og á góða fjölskyldu, vini og kærustu sem er í námi. Maður þyrfti að rífa upp margar rætur til þess að fara. En ég meina ef það kæmi einhver gæi og bara: „I'm telling you, I'll give you 100 million dollars if you get your ass over here...“

**Er það setningin sem þú þarft að heyrja?**

Það er setningin. Gæinn er frá Georgia.

**Þú ert bróðir Friðriks Dórs. Er þetta einhvers konar Jackson-fjölskylda?**

Já. Pabbi og mamma hleyptu okkur aldrei út. Við áttum bara að vera heima að æfa okkur.

**En þau hleyptu La Toyu út?**

Já, já. Nei, við vorum bara öll send í tónlistarskóla. Sem betur fer því annars væri ég á götunni í dag.

**Eftir því sem ég eldist þá verða viðbrögð fólks skrítnari þegar maður segir því að maður drekki ekki. Þá hugsa menn að maður hljóti að hafa hætt að drekka því maður hafi verið í einhverju veseni í fortíðinni.**

**Er ekkert aðeins of væmið að syngja fyrir gamlar frænkur í fjölskylduböðum?**

Það er mömmu að kenna. Hún var alltaf með eitthvað: „Jæja syngið þið núna.“ Svo lærði maður að humma það frá sér.

**Hvernig var að sjá litla bróður „meika það“ á undan þér? Engin afbrýðisemi?**

Nei, engin afbrýðisemi. Það er bara frábært hvað honum hefur gengið vel og ef eitthvað er hefur velgengi hans hjálpað mér. Ég hef alltaf vitað hvað Friðrik er hæfileikaríkur á þessu sviði. Hann hefur samið fullt af skemmtilegum lögum í gegnum tíðina og alltaf farið sínar eigin leiðir í tónlistinni, ekki endilega hermt eftir stóra bróður eins og margir gera. Eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert var að semja lag með honum fyrir plötuna hans og flytja það síðan á útgáfutónleikum hans. Tónlist eins og Friðrik er að gera er miklu vinsælli í dag en tónlist eins og ég er að gera. Þú sérð að Rihanna er með einhverjar



30 milljónir aðdáenda á Facebook á meðan John Mayer, sem ég fíla sjálfur miklu meira, er með þrjár milljónir. Þess vegna er gott fyrir mig með tónlistina mína, sem er ekki eins fljót að fanga athygli fólks, að geta sagt að ég sé bróðir Friðriks. Það var kannski skrytið fyrst af því að hann er yngri, en núna hika ég ekki við það ef það hjálpar til.

#### Þið Friðrik eruð svolítið eins og Kaín og Abel er það ekki?

Jú, ég er Kaín og ef þessari velgengni hans fer ekki að linna þá er fátt annað í stöðunni en að drepa hann. Á ég að gæta bróður míns?

#### Þabbi ykkar er að minnsta kosti eins og Abraham.

Þú meinar hvort hann þurfi að drepa son sinn líkt og Abraham drap Ísak? Ég held að þabbi neyðist til að drepa mig af því að ég hef verið svo væminn í þessu viðtali.

#### Annað sem gerir þig að óhefðbundinni poppstjörnu er að þú ert líka knattspyrnumaður. Getur þú eitthvað í fótbolta? Ertu hvítí Cafu eða er þetta bara hobbí?

Ég hef náttúrulega spilað fótbolta síðan ég man eftir mér. Það er hluti af mér og mínum lífsstíl að æfa fimm sinnum eða oftar í viku. Mér þykir í raun rosalega skrytið að ímynda mér lífið án fótbolta eða eins og einn limagóður félagi minn sagði: „Hvernig ætli það sé að eiga líf á milli 5 og 7?“ Ég er langt í frá hæfileikaríkasti gæinn á velliðum en ég fer þetta á áræðninni og kappseminni. Það sem er líka svo gaman í fótboltanum er að fyrir mér er hann svo krefjandi og ég þarf að standa mig virkilega vel til að fá að spila stóra rullu – ég tala nú ekki um þegar ég er í jafn góðu liði og FH-liðið er. Ég hef gaman af slíkum áskorunum og reyni á hverjum degi að bæta mig sem knattspyrnumaður.

#### Ert þú eina íslenska poppstjarnan með six-pack, fyrir utan mögulega nafna þinna Jónsa í svörtum fötum?

Er ekki Jónsi í Sigur Rós með six-pack líka?

#### Orðið á götunni er að þrátt fyrir að þú spilir með einu besta liði landsins vitir þú ekkert um fótbolta. Er það rétt?

Við skulum bara orða það þannig að þegar þessir spekingar byrja að tala og eru eitthvað: „Hvað var Manchester City að kaupa þennan Balotelli?“ Þá tek ég tvö skref aftur á bak og lauma mér út. Ég væri ógeðslega lélegur í fótbolta-pub-quiz.

**Mér finnst krefjandi og skemmtilegt að vinna mér inn aðdáendur á Íslandi og reyna að sanna að þó maður sé poppari þá er alvara á bakvið þetta og að þetta er frá hjartanu.**

#### Hvers lenskur er Kenny Dalglish, knattspyrnustjóri Liverpool?

Hann er velskur.

#### Hann er skoskur.

Ég vissi að hann væri skoskur. Ég var að grínast með að segja að hann væri velskur. Ekki hafa þetta með í viðtalinu.

#### Við getum ekki hagrætt sannleikanum. Að öðru. Þú hefur aldrei drukkið áfengi. Hvers vegna tókstu þá ákvörðun?

Ég hef alveg bragðað áfengi og veit hvernig það smakkast, en ég hef aldrei drukkið það mikið magn að ég finni á mér. Þetta er ekki ákvörðun sem ég tók, þetta hefur einhvern veginn bara þróast svona. Ég var alltaf bara hevi hress á því og þurfti ekki að borga leigubíl heim og svona. Plús það að síðan varð þetta allt í einu töff, að ég væri eini gæinn sem var ekki að drekka. Svo reyndar eftir því sem ég eldist þá verða viðbrögð fólks skrytnari þegar maður segir því að maður drekki ekki. Þá hugsa menn að maður hljóti að hafa hætt að drekka því maður hafi verið í einhverju veseni í fortíðinni.

**Þú hefur ekki þurft að drekka til að losa um hömlur? Feimni hefur ekki verið að hrjá þig?**

Nei, það er rétt hjá þér. Ég dansa yfirleitt mest af öllum og ef það eru læti þá er ég alveg til í að taka þátt.

#### Þannig að ef þú meikar það úti er ólíklegt að við fréttum af þér að rústa hótélherbergjum.

Ég gæti alveg gert það sóber. Ég væri bara í gleðivímu eftir að hafa spilað fyrir milljón manns. Það er alveg draumur að rústa herbergi.

#### Annað sem er ekki hefðbundið poppstjörnu-einkenni er að þú ert búinn að vera með sömu stelpunni síðan í menntaskóla. Þarftu ekki að hætta með henni þegar platan kemur út?

Jú, það er stefnan. Hún veit að sambandi okkar er lokið þegar platan kemur út. Nei, nei, ég veit að það hljómar voða væmið en ég var bara svo heppinn að ég fann bara réttu stelpuna þegar ég var 17 ára og hún 16. Það er sama hver reynir að draga mig á talar, ég lít ekki við því (hlær).

#### Nú er hún í tannlæknanámi á meðan þú ert að syngja og leika þér í fótbolta. Finnst þér allt í lagi að hún sé að fara að sjá fyrir fjölskyldunni í framtíðinni?

Ætli þetta sé ekki þriðji vendipunkturinn í ákvörðuninni um að gerast tónlistarmaður. Fyrst hún verður tannlæknir þarf ég ekkert að sjá fyrir fjölskyldunni, ég get bara verið að leika mér. Ég reyndar er með það stórt egó að ég sé mig ekki alveg vera að fara að þiggja einhverja ölmusu frá henni.

#### Hvenær á að fara að hlaða niður litlum Jónum?

Hvað er þetta viðtal í Nýju lífi?

#### Ég er ekki að tala um börn, ég er að tala um jónir, samheiti yfir hlaðnar agnir.

Auðvitað! Við höfum alveg rætt þetta, en ég veit ekki hvort maður á eitthvað að fara með þetta í fjölmiðla. Það kemur örugglega að því fyrir þrítugum.

#### Hvernig er fimm ára planið, hvað varðar tónlistina, fótboltann og einkalífíð?

2016? Orðinn þrítugur. Hvað varðar fótbolta vil ég vera búinn að vinna tvöfalt, það er að segja bikar- og Íslandsmeistaratitil á sama ári. Hvað varðar tónlist væri gaman að vera búinn að gefa út svona þrjár plötur og hafa náð að þróa mig í tónlistinni með hverri plötu. Ég myndi líka vilja upplifa það að fara í svona sex vikna túr á einhverja svala staði. Hvað varðar einkalífíð þá vona ég að ég verði enn með þessari stelpu sem ég hitti þegar ég var 17 og að hún sé ekki hlaupin á brott með allan tannlæknapeninginn sinn.



**Ég veit að það hljómar voða væmið en ég var bara svo heppinn að ég fann bara réttu stelpuna þegar ég var 17 ára og hún 16.**



JOHN FRIEDA®

LONDON PARIS NEW YORK

# FERSKARI LITUR LENGUR

Eins og allar konur með litað ljóst hár vita, getur sjálfstraustið aukist töluvert þegar gengið er út af hárgreiðslustofu með nýlagað hár. Jæja, góðu fréttirnar eru að hárvörusérfræðingar John Frieda® hafa sett þessa tilfinningu á brúsa með því að þróa Sheer Blonde® Colour Renew línu, sem gerir hárið sýnilega bjartara og silkimjúkt í lengri tíma.

Með einstakri tækni með Lavender og ljósfræðilegri birtingu, hefur Sheer Blonde® Colour Renew línan verið þróuð sérstaklega fyrir litað ljóst hár. Þegar vörurnar eru notaðar saman losa þær þig við gulan tón og gefa síðan raka fyrir gljándi ljóst útlit.



## Nicola Clarke, stjórnandi í hönnun litaumhirðu fyrir John Frieda® vörumerkið

„Mínir viðskiptavinir elska alltaf hárið á sér þegar það er nýlitað á stofu og spyrja mig stöðugt hvernig þeir geta haldið við þessari tilfinningu um að vera nýlituð frá stofu og milli heimsóknna á hárgreiðslustofuna. Ég hef verið að bíða eftir vöru með Lavender tækni sem við litunarsérfræðingar vitum að dregur úr gulum tónum, svo að ég er mjög ánægð að ég geti mælt með línu við mína viðskiptavini sem virkilega hjálpar þeim við að halda við stofu litaða hárið.“



sheer  
blonde®





Gunnþórunn Jónsdóttir  
gunnthorunn@monitor.is



### HVERSDAGS

**BOLUR:** SEARCH AND DESTROY  
**SKART:** SPÚÚTNIK OG NEW YORK  
**BUXUR:** AMERICAN APPAREL  
**SKÓR:** KRONKRON



### ÚT Á LÍFIÐ

**KJÓLL:** SPÚÚTNIK  
**PILS:** AMERICAN APPAREL  
**BELTI:** SPÚÚTNIK  
**SKÓR:** MARC BY MARC JACOBS



### UPPÁHALDS

**HATTUR:** SPÚÚTNIK  
**KJÓLL:** STINE GOYA  
**SKÓR:** KRON

## Sýnir persónuleikann í fötum

Hallfríður Þóra Tryggvadóttir er 20 ára hæfileikarík og hress hnáta. Hallfríður, betur þekkt sem Halla, getur leikið, sungið og allt mögulegt. Hún vinnur í Spúútník og er með skemmtilegan og flottan fatasmekk og leyfði hún Stúlnum að koma og kíkja á nokkrar fallegar flíkur.

#### Hvað ertu að gera í lífinu?

Þessa stundina er ég að njóta lífsins, nýkomin heim eftir þriggja mánaða ævintýri og leiklistarnámskeið í New York. **Hvað er planið í sumar?** Mikil útvera og ferðalög um Ísland svo það er eins gott að veðurguðirnir fari að haga sér. Mig langar mikið að kíkja á Skjaldborg, Lunga og kannski Eistnaflug. Ætla að geyma útlönd fram á haust, Ísland er svo gott á sumrin.

#### Hvar verslar þú helst fötin þín?

Þegar ég lít yfir fataskápinn minn er greinilegt að Spúútník er upphalds, svo kemur Nostalgía og Kronkron fylgir fast á eftir. Listinn er þó mun lengri fyrir útlönd.

**Ilmvatnið þitt?** Það heitir Scarlett frá Cacharel og er fullkomið. Ekki of ómögulegt né gelgulegt, bara alveg mitt á milli.

#### Hver finnst þér vera smart?

Sá sem sýnir persónuleika sinn í fatavali og setur þau saman á smekklegan og skemmtilegan hátt.

# Íslensk náttúra á stuttbuxunum

Stíllinn heldur áfram að kíkja í fataskápinn hjá áhugaverðu fólki.

Stíllinn spjallaði við Hallfríði Þóru Tryggvadóttur og Andra Hrafn Unnarson og fékk að skoða fallegar flíkur í fataskáp þeirra. Bæði ætla þau að vera á Íslandi í sumar og njóta.

## Langar mest af öllu að eignast Han Solo

Andri Hrafn Unnarson er 21 árs góðmenni og dugnaðarforkur og býr í Reykjavík. Þessi ungi maður vinnur á Prikínu og veitingastaðnum Horninu en þess á milli er hann að njóta. Sjálfur segist hann einn daginn ætla að fljúga úr hreiðrinu. Andri er alltaf töff klæddur og ákvað Stíllinn því að fá að skoða hvað honum væri kærast í fataskápnunum sínum.

**Hvað er planið í sumar?** Planíð næsta sumar er að vinna, klæðast stuttbuxum og dansa.

**Hvar verslar þú helst fötin þín?** Það er bara mjög misjafnt. Aðallega þar sem ég finn eitthvað skemmtilegt.

**Hvað er í ípodnum þínum þessa dagana?** Aðallega Away from the Sea diskurinn eftir Yúksek.

Annars er Rock Dust Light Star eftir Jamiroquai og nýi Reyk Veek mixdiskurinn mjög sexy stöf.

**Hver er statusinn þinn á facebook núna?** „Það er eitthvað í vændum“.

**Hvað langar þig mest til að eignast af öllu í heiminum?** The Millenium Falcon og Chewbacca (Han Solo má alveg fylgja með líka). Þá er ég í góðum málum.

**Besti bitinn í bænum?** Skyndibitinn er klárlega Nonni. Annars er líka svakalega gott að komast í sushi á Sushibarnum eða kjötsúpu á Frú Berglaugu.

**Hvernig krakki varstu?** Ég var virkilega hávaxinn.



### HVERSDAGS

**SKYRTA:** SPÚÚTNIK  
**GOLLA:** KORMÁKUR & SKJÖLDUR  
**BUXUR:** SAUTJÁN  
**SKÓR:** KRON  
**GLERAUGU:** AUGAD



### ÚT Á LÍFIÐ

**JAKKI:** KRONKRON  
**TREFILL:** GYLTI KÖTTURINN  
**HÚFA:** ROSKILDE 2008  
**SKYRTA:** GÖTUMARKAÐUR Í NEW YORK  
**BUXUR:** ZARAMEN Á TENERIFE  
**SKÓR:** KRON



### UPPÁHALDS

**SKYRTA:** KRONKRON  
**SMEKKBUXUR:** KRONKRON  
**HATTUR:** K KÖBENHAVN  
**SKÓR:** FOOTLOCKER  
**SÓGLERAUGU:** ÞÝFI ÚR 80'S  
**FATASKÁP:** MÖMMU MINNAR.



# VERTU AAAA VIÐ HÁRIÐ



**ÞÚ REYNIR AÐ SLÉTTA ÞAÐ OG BLÁSA EN VIÐ  
ÞAÐ SKADDAST HÁRIÐ OG VERÐUR ENN ERFIÐARA.**

NÝTT DOVE INTENSE REPAIR SJAMPÓ OG HÁRNÆRING MED FIBER ACTIVE  
TECHNOLOGY SMÝGUR DJÚPT Í HÁRIN OG BYGGIR ÞAU UPP INNAN FRÁ ÞANNIG  
AÐ HÁRIÐ LIFNAR VIÐ AÐ NÝJU.

**Dove**  
repair therapy

DOVE INTENSE REPAIR ER SÉRFRÆÐIMEDFERÐ  
FYRIR MEDHÖNDLAÐ HÁR.





„Að dæma aðrar konur er slæmt fyrir sálina.“ - Kim Kardashian.



1 GEMMA WARD



2 FREJA BEHA ERICHSEN



# Flottustu fyrirseturnar

Stíllinn kíkti aðeins á þessar ungu og upprunnandi fyrirsetur sem eru með þeim vinsælustu um þessar mundir.



3 NATASHA POLEVSHCHIKOVA



4 LARA STONE



5 LILY DONALDSON

**1** Hún Gemma Ward er ein af þeim allra vinsælustu. Hún er frá Ástralíu en býr í New York og er fædd 3. nóvember árið 1987. Nú er Gemma hins vegar eitthvað að leita á leiklistarmiðin. „Ég spáði aldrei í því hvornig ég litu út, mér var alveg sama“

**2** Freja Beha Erichsen er dönsk að uppruna. Hún er fædd 18. október 1987 og býr í New York. Karl Lagerfeld elskar hana og hefur notað hana mikið í auglýsingar og fleira hjá sér. „Ég vildi óska þess að ég væri betri í að treysta fólki“

**3** Natasha Polevshchikova er sæt og seiðandi, fædd og uppalin í Rússlandi. Hún er fædd 12. júlí árið 1985 og eins og flestar fyrirsetur, býr hún í New York. „Ég hlusta á rússneska poppmúsík“

**4** Lara Stone er mjög eftirsótt hollensk fyrirseta. Hún er fædd 20. desember 1983. Hún er líklega þekktust fyrir sérstakt útlit sitt og svakalegt frekjuskarð, virkilega falleg. „Ef ég hefði agann til að vera súper mjó, myndi ég vera það. Ég hugsa um að fara í megrun, en svo fæ ég mér pizzu. Ég er kona, og allar konur langar að vera súper mjóar – því miður“

**5** Breska fyrirsetan Lily Donaldson er sjóðandi heit. Hún er fædd 27. janúar árið 1988. Hún býr í London og hefur unnið mikið fyrir Alber Elbaz. „Já, að mörgu leyti liður mér eins og ég hef verið 21 árs í nokkur ár“

## Go Blonde!

Ertu enn og aftur komin með dökka rót? Héma er vandamálið leyst.

Nýja undravaran frá John Frieda er sannkallað meistraraverk. GoBlonder er fyrir þær/þá sem vilja lýsa hárið smám saman á sem eðlilegastan hátt. Stíllinn fékk að prufa þessa snilldarmöru og getur með sanni sagt að þetta virkar. Nú þegar er GoBlonder til í öllum verslunum sem selja John Frieda vörur, t.d. Hagkaup og Fjarðarkaup. „Ég býst við því að þetta eigi eftir að rokseljast og sérstaklega núna þar sem sumarið er vonandi að koma og við viljum öll vera ljósari og ferskari að sjá, sérstaklega undan vetri,“ segir Margrét Helgadóttir sölu- og markaðsstjóri hjá John Frieda umboðinu. En hvað ætli hárgreiðslustofurnar segi? „Ég tel að þær verði alls ekki glaðar þar sem mikið hefur dregist saman hjá þeim, en málið er að á þessum tímum eru rannsóknir og þróun fyrirtækja orðin svo mikil að það kemur að því að það komi vörur sem eru ódýrari og henti viðskiptavininum betur.“ GoBlonder virkar þannig að sprejjað er í handklæðablautt hárið og síðan blásið með hárblásara, en efnið verður virkt með hita. Það er enginn vafi á að þú sérð mun á hárinu þínu eftir 3-5 skipti. Eitt af því mikilvægasta er þó að viðskiptavinir John Frieda viti að þetta er ekki fyrir brúnhærða þar sem varan lýsir hárið.



## Stjörnustríð

Leikkonan Eliza Dushku og Victoria's Secret fyrirsetan Selita Ebanks skarta hér sama metal kjólinum. Kjóllinn er ekki upp á marga fiska og lítur út fyrir að vera svolítið „cheap“. Kjóllinn fer líkamsbyggingu Ebanks mun betur enda svakalegur kroppur en Dushku má eiga það að hún valdi sér fallegri skó sem gera mikið fyrir minna spennandi kjól. Hins vegar sigrar Ebanks.

Halle Berry og Abbie Cornish klæðast sama Calvin Klein kjólinum. Þrátt fyrir að þetta sé sami kjóllinn, þá lítur hann alls ekki út fyrir að vera það, þar sem þær stóllur eru mjög ólíkar í laginu. Berry hefði átt að fara í skóna hennar Cornish, þar sem að öklabönd á skóm gera mann lágvaxnari og leggirnir fá ekki að njóta sín.

Stórvinkonurnar Kelly Osbourne, sem er einmitt orðin grónn og glæsileg og Miley Cyrus, barnastjarnan sem er við það að tryllast úr kynþokkþrá, eru hér í eins kjól. Kelly reynir að gera kjóllinn eitthvað „emo“ með því að nota gaddabelti við hann en Miley gerir kjóllinn bara sætari með fallegu hálsmeni og fallegum einföldum svörtum hælum.

Hvor ber pelsinn betur? Ashley Tisdale eða Kourtney Kardashian? Pelsinn sem Kardashian systirin skartar er einhvernvegin flottari en pelsinn hennar Tisdale, þrátt fyrir að hann sé alveg eins. Kourtney sigrar stríðið að þessu sinni, það er nefnilega eitthvað smart við að vera í skóm í stíl við pelsinn. Ashley er líka svolítið skinkuleg.





Summer  
by blend

**VERÐ Á SETTI  
SPARAÐU 2.000 KR  
7.990 KR**

**BLEND®**

Smáralind // Kringlan



„One generation's tragedy is the next one's joke.“  
- Dewey Riley í *Scream 4*

## FERILLINN



### Anthony Hopkins

**Hæð:** 174 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** Hannibal Lecter.  
**Staðreynd:** Skapaði ekki bara illmennid Hannibal Lecter heldur hefur einnig leikið illmennu úr mannkynssögunni á borð við Richard Nixon og Adolf Hitler.  
**Eitruð tilvitnun:** „Ég held að það væri gaman að fara í hádegismat með honum, að því gefnu að þú sért ekki hádegismaturinn.“ (Um Hannibal Lecter).

**1937** Fæðist þann 31. desember í Margam í Wales sem Philip Anthony Hopkins. Er alltaf kallaður Tony af vinum og vandamönnum.

**1957** Útskrifaðist úr tónlistar- og leiklistarskóla í Wales og gekk síðan í breska herinn. Að herþjónustunni lokinni ákvað Hopkins að flytja til London og freista gæfunnar sem leikari.

**1967** Giftist Petronella Barker en skildi við hana þremur árum síðar. Þau eiga saman dótturina Abigail sem fæddist 1968.

**1973** Gifti sig í annað sinn og þá konu að nafni Jennifer Lynton.

**1975** Hætti að drekka.

**1980** Fór með hlutverk læknisins Frederick Treves í myndinni um filamanninn. Myndin var tilnefnd til átta Óskarsverðlauna.

**1991** Túlkaði mannættuna Hannibal Lecter í kvikmyndinni *Silence Of The Lambs* og fékk Óskarsinn fyrir frammistöðu sína. Hopkins birtist aðeins í rúmar 16 mínútur í kvikmyndinni svo Óskarsverðlaunaframmistaðan er ein sú stysta í kvikmynda sögunni.

**1993** Fékk riddaraorðu breska konungsdæmisins.

**2000** Fékk bandarískan ríkisborgararétt.

**2002** Skildi við Jennifer Lynton og byrjaði með kólumbísku leikkonunni Stella Arroyave sem hann er enn giftur í dag.

**2003** Fékk sína eigin stjórnun í frægðar götu Hollywood.

**2006** Fékk heiðursverðlaun Cecil B. DeMille á Golden Globe verðlauninum fyrir ævistarf sitt sem leikari.

## Frumnýningar helgarinnar

### Thor

**Leikstjóri:** Kenneth Branagh.  
**Aðalhlutverk:** Chris Hemsworth, Anthony Hopkins og Natalie Portman.  
**Aldurtakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Lengd:** 114 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Álfabakka og Egilshöll.



Hrokafulli þrumuguðinn Þór (Hemsworth) er rekin úr Ásgarði fyrir að vera með vesen og er sendur af föður sínum, Óðni (Hopkins), til jarðar þar sem hann á að lifa meðal manna. Á vegi hans verður vísindakonan Jane Foster (Portman) sem hefur mikinn áhuga á ofurkröftum Þórs og fljótlega fella þau hugi saman. Fljótlega fær Þór þó að finna fyrir skyldum sínum sem þrumuguð og verja Jörðina gegn árásum illra afla sem hann reitti til reiði í guðaheimum. Myndin er byggð á samnefndum teiknimyndasögum Marvel.

LOKI OG ÞÓR MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI

### The Lincoln Lawyer

**Leikstjóri:** Brad Furman.  
**Aðalhlutverk:** Matthew McConaughey, Marisa Tomei og Ryan Phillippe.  
**Dómar:** IMDb: 7,5 / Metacritic: 6,3 / Rotten Tomatoes: 83%  
**Aldurtakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Lengd:** 118 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Sambíóin Kringlunni og Egilshöll.



Mick Haller starfar yfirleitt úr aftursætinu á Lincoln Continental bílnum sínum sem verjandi fyrir hina ýmsu ógæfumenn og telst frekar fær á sínu sviði. Einn daginn tekst honum að landa risastóru máli fyrir ríkan glaumgosa að nafni Louis Roulet en sá er ásakaður um manndráp. Roulet sver að ásakanirnar séu rangar og einungis gerðar til að féfletta sig. Mick ákveður að taka málið að sér fyrir peninginn en ekki líður á löngu þar til hann rekst á margt skuggalegt úr fortíð Roulet og starfið sem átti að reynast auðvelt snýst upp í allsherjarbaráttu upp á líf og dauða.

### Hævnen

**Leikstjóri:** Susanne Bier.  
**Aðalhlutverk:** Mikael Persbrandt, Trine Dyrholm og Markus Rygaard.  
**Dómar:** IMDb: 7,7 / Metacritic:  
**Aldurtakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Lengd:** 119 mínútur.  
**Kvikmyndahús:** Háskólalabíó.



Myndin var valin besta erlenda myndin bæði á Golden Globe og Óskarnum í ár og þykir ein sú besta frá Danmörku í mörg ár. Læknirinn Anton starfar bæði í litlum bæ í Danmörku og flóttamannabúðum í Súdan. Á þessum tveimur stöðum berst hann við vandamál innan fjölskyldunnar sem endurspeglar beitta þjóðfélagsádeilu.

## KVIKMYND

### Scream 4

**Leikstjóri:** Wes Craven.  
**Aðalhlutverk:** Neve Campbell, Courteney Cox og David Arquette.  
**Lengd:** 111 mínútur.  
**Dómar:** IMDb: 7,2



## Meira grín en hryllingur

Sidney Prescott (Neve Campbell) snýr aftur í heima-bæ sinn eftir að hafa skrifað sig frá vandamálum sínum með nýrri bók en hún er ekki fyrr stigin inn í bæinn en Draugafés (Ghostface) fer að drepa fólk á ný. Ég get ekki sagt að ég muni mikið eftir fyrri myndunum og í raun er ég ekki alveg viss um að ég hafi séð þær allar. Mig minnti þó að tilgangurinn hefði verið að hrista upp í og hræða fólk. En annað er uppi á teningnum hér. Þrátt fyrir bregðuatriði, blóð og drungalega tónlist af og til þá virkaði myndin miklu meira á mig sem grínmynd heldur en hryllingsmynd. Hér er ég ekki að reyna að púlla hörðu týpuna í bíó sem hlær að öllum bregðuatriðunum og klappar þegar einhver er drepinn heldur var bara svona ódýr Scary Movie fílingur allan tímann.

### Ódýr bregðuatriði

Mér finnst þó líklegt að reynsluboltinn Wes Craven, leikstjóri myndarinnar, hafi meðvitað farið þá leið að beina athyglinni meira að svarta húmornum og B-mynda stílunum enda myndin bæði illa leikin og

bregðuatriðin ódýr. Svólítið eins og hann ætti svona bregðuhljóðasafn og hafi bara dreift þeim tilviljana-kennit hér og þar um myndina. Tilgangurinn hefur líklega verið að búa til einhvers konar B-mynda/slasher stemningu og sem slík gengur myndin betur upp.

Með réttu hugarfari er því alveg hægt að hafa gaman af henni þrátt fyrir vonbrigði mín með að láta hræða mig og marga aðra galla. Hún höfðar eflaust til margra sem hafa gaman af svona B-mynda fíling þó mér finnst það ekkert endilega réttlæta það að myndir séu lélegar. Finnst það oft svólítið eins og að segja brandara þar sem enginn hlær og útskýra svo eftir á að þetta hafi verið svona brandari þar sem enginn átti að hlæja. Já ókei, þá er þetta snilld.

Kristján Sturla Bjarnason



## Popp-korn

Óskarsverðlaunaleikaranum Russell Crowe hefur lengi langað að setjast í leikstjórastólinn og hefur hann daðrað við fjölda kvikmynda-handrita í gegnum tíðina. Nú er hann kominn aftur á skrið og mun líklega leikstýra kvikmyndinni 77. Hún segir frá tveimur lögreglumönnum sem tengjast í gegnum morðmál frá árinu 1976 og frægan skotbardaga. Crowe hefur ekki enn skrifað undir samning um að leikstýra myndinni og vill biða þar til lokaútgáfa af handritinu lítur dagsins ljós.



Unglingastjarnan Zac Efron vinnur í óðaönn við að koma sér á kortið í Hollywood sem alvörufinn fullorðinn leikari og fær brátt tækifæri til að sanna sig í spennu-myndinni *Die In A Gunfight*. Myndin segir frá ofbeldisfullum ungum manni sem heillast af dóttur versta óvinar föður síns. Sögubráðurinn er kannski ekki sá mest spennandi en vonandi tekst hinum unga Efron að sýna sig og sanna í myndinni sem er þó einungis á fyrstu stigum framleiðslu um þessar mundir.



Fjórða tölvuteikni-myndin um ísöldina, *Ice Age: Continental Drift*, hefur fengið fleiri stjórnur til talsætingar og nú eru þau Jennifer Lopez og Jeremy Renner búin að fá hlutverk í myndinni. Áður höfðu tónlistarmaðurinn Drake, Ray Romano, Queen Latifah og Sean William Scott öll skrifað undir samning um að taka þátt í fjórðu teikni-myndinni í þessari bráðfyndnu seríu svo spennandi verður að sjá útkómuna.



Kvikmyndaframleiðandinn 20th Century Fox hrindir brátt af stað framleiðslu kvikmyndarinnar *Zorro Reborn* sem mun flytja hinn eitursvala *Zorro* frá 19. aldar umhverfi sínu til framtíðarinnar. Ekki er þó enn komið í ljós hvort Antonio Banderas muni setja grímuna upp aftur eða hvort að nýr leikari setji á sig skikkju og svefli sverðinu sem *Zorro* framtíðarinnar.





# Finndu þitt innra nörd

Sumar kvikmyndir verða að teljast nördalegri en aðrar. Monitor tók saman nokkrar sem flokkast undir svokallaðar nördmyndir sem er á engan hátt fullkomnuð skilgreining eins og er. Ef þú hefur séð fleiri en sjö af eftirfarandi kvikmyndum telst þú svokallað nörd. Ef ekki er aldrei of seint að finna sitt innra nörd og leggjast yfir Matrix, Star Trek og Star Wars.

## Pirates Of Silicon Valley (1999)

Nördar elska þessa mynd, ekki síst fyrir þær sakir að hún fjallar um tölvunörda. Kvikmyndin segir frá upphafsmönnum Microsoft og Apple, þeim Bill Gates og Steve Jobs, á virkilega skemmtilegan hátt og baráttunni þeirra á milli.



## Planet Of The Apes (1968)

Upprunalegu kvikmyndirnar um apaplánetuna eru klassískar nördkvikmyndir og þá er ekki verið að tala um nýju útgáfuna með Mark Wahlberg í aðalhlutverki. Ef vottur af nördi blundar í þér munt þú fíla þessar myndir í botn.



## Office Space (1999)

Kvikmyndin náði ekki miklum vinsældum á sínum tíma en hefur með tímanum orðið að költmynd nörd-samfélagsins. Nördið Peter Gibbons plottar gegn stórfyrirtækinu sínu og reynir að stela peningum af því með tölvuvírus. Frábær mynd sem allir sannir nördar og jafnvel fleiri verða að sjá.



## Lord Of The Rings (2001)

Allir vita að Lord Of The Rings eru nördmyndir. Alvöru nördar lásu bækurnar fyrst, jafnvel nokkrum sinnum, og fóru svo á kvikmyndirnar.



## Star Trek: The Wrath Of Khan (1982)

Auðvitað er það skylda hins almenna nörd að horfa á Star Trek. Þessi er í uppáhaldi hjá mörgum, einkum vegna þess að hinn upprunalegi Captain Kirk er í henni. Vísindaskáldskapur í sinni hreinustu mynd, sem sagt mjög nördaleg kvikmynd.



## Alien (1979)

Geimverur, vélmenni, geimplánetur, Sigourney Weaver í hörkustuði og Ridley Scott í leikstjórnastólum. Þessi nördablanda getur ekki klikkað.



## Star Wars (1977)

Nördar halda því yfirleitt fram að fyrstu þrjár Star Wars myndirnar hafi verið frábærar en þær síðari algjört rusl. Mundu því að tala alltaf illa um seinni þrjár Star Wars í návist nördar.




## Spaceballs (1987)

Költgrínmynd nördanna er án efa Spaceballs sem gerir óspart grín að Star Wars kvikmyndunum. Nördalegur húmor út í gegn.



## War Games (1983)

Ungur maður brýtur sér leið inn í móðurtölvu bandaríska hersins og heimurinn er á barmi þriðju heimsstyrjaldar. Kvikmyndin er frábærlega myndin sökum þess hve stutt þróun heimilistölva var komin á þessum tíma.



## Pi (1998)

Leikstjórinn Darren Aronofsky er þekktastur fyrir kvikmyndirnar Black Swan og Requiem For A Dream. Þessi flaug ekki eins hátt en myndin segir frá ofsóknarbrjáluðum stærðfræðingi sem leitar að leylinúmeri sem mun útskýra alheimsmystrin er leynast í náttúrunni. Nörd!



## The Matrix (1999)

Fyrsta myndin er sögð best og er jafnan talin vera mesta nördmynd sögunnar, ekki síst fyrir þær sakir að hún er næstum óskiljanleg.



## 2001: A Space Odyssey (1968)

Virkilega erfið mynd til að skilja en kannski eru einhverjir nördar færir um það. Myndin er í hæsta gæðaflokki og því dáð og dýrkuð af nördum víðsvegar um heim.

## TÖLVULEIKUR



**Crysis 2**  
**Tegund:** Bílaleikur  
**PEGI merking:** 16+  
**Útgefandi:** Sony Computer  
**Dómar:** Gamespot: 8,5 / IGN: 8 / Eurogamer: 8

## Hristur og hrærður

Ein þekktasta sería bílaleikja á PlayStation 3 er hin hraða og hasarfulla Motorstorm-sería. Á dögunum kom út þriðji leikur seríunnar, Motorstorm Apocalypse. Hér detta leikmenn inn í hóp ofurhuga sem eru að keppa inni í stórborg. Eina vandamálið er að borgin er að hrúki komin vegna kröftugra jarðskjálfta.

Í Motorstorm Apocalypse er nokkuð skemmtilegur söguþráður sem fleytir mönnum í gegnum leikinn, en í honum fara leikmenn í hlutverk þriggja ökuþóra sem þurfa að þeysast í gegnum hverja brautina á fætur annarri. Í byrjun eru einungis smáskjálftar í borginni, en þegar á líður þyngjast skjálftarnir og fara heilu skjálkljúfarnir að hrynja yfir leikmenn þegar hámarkinu er náð.

### Fullkomin partí- og netspilun

Fyrir utan söguþráðinn er í leiknum fullkomin partí- og netspilun, en allt að fjórir geta spilað á sama skjánum (split-screen) og svo geta allt að 16 manns spilað í gegnum netið. Netspilun leiksins er mjög öflug og hafa framleiðendur hans tekið það besta úr spilun skotleikja á netinu og sett inn í bílaleikjaformið og virkar það mjög vel. Það eru fjölmargar gerðir farartækja í Motorstorm Apocalypse og eru þar á meðal mótörhjól, fjórhjól, buggybilar, rallibilar, trukkar og margt fleira. Hver gerð er mismunandi í stýringu og hegðun og þurfa leikmenn að læra inn á kosti hvers farartækis.

### Adrenalínhlaðin upplifun

Grafík leiksins er stórkostleg og hreinlega ótrúleg upplifun þegar heilu skjálkljúfarnir fara að hrynja yfir leikmenn og einnig hvernig brautirnar breytast hring eftir hring sökum jarðskjálftanna. Þeir sem eru með þrívíddarsjónvörp eru svo bænhýrðir þar sem leikurinn er einhver flottasti þrívíddarleikur sem komið hefur út á PlayStation 3. Hljóð og tónlist leiksins henta honum mjög vel, ekkert stórkostlegt, en þéttur taktur tónlistarinnar er víðeigandi þegar heilu byggingarnar eru að hrynja allt í kring.

Eftir að hafa spilað Motorstorm Apocalypse er ég bæði hristur og hrærður, enda er hér á ferðinni adrenalínhlaðin upplifun sem er í senn einföld og fjölbreytt.

Ólafur Þór Jólsson



Vertu með RingTóna í símanum!

http://ringtonar.ring.is

VERTU MED

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

\* 1.500 min/SMS innan GSM-kerfis Simans og 990 kr. Inneign til að hringja í önnur kerfi



**KVÖLDSTUND**  
**M/ JANIS JOPLIN**  
Tjarnarbió  
Laugardagur kl. 20:00



## Endurnýjar kynnin við Janis Joplin

„Ég var farin að sakna hennar svoltið,“ segir Bryndís Ásmundsdóttir, leikkona, sem túlkar Janis Joplin á tónleikum í Tjarnarbió um helgina. Bryndís túlkaði Janis síðast fyrir þremur árum í sýningu um söngkonuna í Íslensku óperunni en hefur ekki endurnýjað kynnin við hana almennilega síðan þá. „Karakterinn kemur um leið og við teljum í fyrsta lag,“ útskýrir Bryndís sem þykir ná söngkonunni einstaklega vel. „Maður fer náttúrulega í ákveðinn gir við að fara í búninginn og setja á sig öll armböndin og hálsfestarnar,“ segir Bryndís sem hefur lengi túlkað Janis Joplin. „Ég byrjaði að syngja lagið Mercedes Benz með öllum stælunum í gaggó og hlustaði mikið á Janis á þeim tíma,“ segir Bryndís sem sló í gegn með túlkun sinni á laginu. „Beðin og óumbeðin söng ég þetta lag allsstaðar þar sem ég kom,“ segir hún og hlær. Tónleikarnir í Tjarnarbió verða einstaklega flottir að sögn Bryndísar sem vill þó ekki gefa af mikið upp um þá að svo stöddu. „Þetta verður að koma aðeins á óvart en ég get fullvissað tónleikagesti um að þeir munu labba inn í æðislega flottan rokkhippaheim á laugardagskvöldið,“ segir Bryndís spennu fyrir tónleikunum sem hefjast kl. 20. Miðaverð er 2.900 krónur og forsala miða fer fram á Midi.is

# fílófaxið

fimmtudagur 28 apríl

**ÓTUKTIN**  
Íðónó  
**20:00** Frumsýning Ótukturinnar, einleiks með söngvum. Leikgerðin er eftir Valgeir Skagfjörð og er byggð á bók Önnu Pálinu Árnadóttur. Katla Margrét Þorgeirsdóttir fer vist á kostum í þessu verki sem verður sýnt í apríl og maí. Miðaverð er 2.900 krónur.

**BEGGI SMÁRI OG MOOD**  
Sódóma  
**21:00** Tónleikar hins óviðjafnanlega Begga Smára ásamt hljómsveitinni MOOD sem er skipuð þeim Friðriki Geirdal Júlíussyni, Inga S. Skúlasyni og Tómasi Jónssyni. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**BROTHER GRASS**  
Café Rósenberg  
**22:00** Hinir Suðurríkjahljómandi Brother Grass snúa aftur heim á Rósenberg þar sem þeim líður best. Aðgangseyrir er 1.000 krónur.

**föstudagur 29 apríl**  
**ÚTSKRIFTARSÝNING**  
Korpúlfstaðir  
**16:00** Nemendur í margmiðlun við Borgarholtsskóla sýna afrakstur námsins um helgina. Tæplega 30 nemendur verða með verk á sýningunni og þar á meðal tónlistarmaðurinn Júlí Heiðar.

**DÍVA**  
Útgerðin Granda  
**18:00** Sýning á verkum 1. árs nema í fatahönnun við Listaháskóla Íslands í kúrsum Illustration. Unnið var út frá hugtakinu DÍVA og hefur hver og einn nemandi útbúið sína útgáfu af divunni í innsetningarverki.

**KK STYRKARTÓNLEIKAR**  
Salurinn Kópavogi  
**20:00** Lionsklúbburinn Muninn býður til styrktartónleika með KK í tilefni 40 ára afmælis síns. Tónleikarnir eru til styrktar Vímulausri æsku og Foreldrahúss. Miðaverð er 3.000 krónur og forsala miða fer fram á Midi.is.

**SKÁLMOELD OG SÓLSTAFIR**  
Nasa  
**21:00** Tvær af stærstu þungarokkhljómsveitum landsins leiða hesta sína á stórtónleikum. Skálmöld og Sólstafir sameinast í kraftmiku, þjóðlegu þungarokki sem snertir taugar hins almenna Íslending og auðvitað hinna hörðustu rokkara. Miðaverð er 2.500 krónur og miðasala fer fram á Midi.is.

**MEGAS OG SENUÞJÓFARNIR**  
Faktorý  
**22:00** Aðdáendur Megasar hafa vafalaust verið ánægðir með endurnýjuð kynni hans við Senuþjófana og um helgina gefst fullkomni tækifæri til að sjá tónleika með þessum frábæru listamönnum. Megas og Senuþjófarnir spila á Faktorý bæði á föstudags- og laugardagskvöldi svo enginn ætti að missa af þessum einstaka viðbúði. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**Bólurnar burt!**  
„Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®“  
Vanessa Williams  
www.heilsubudin.is

# LOKAPRÓFIÐ

| 28. apríl 2011 |  
**MONITOR**  
skólinn

Ég heiti Þórunn Magnússon í kvikmynd um ævi mína myndi ég vilja fá Colin Firth

Þú veist hver ég er af því að ég bryn. raustina í lysingum

- Það kemur kannski á óvart en
- Ég hef sjálfur aldrei æft fótbolta.
  - Ég held innst inni með Liverpool.
  - Ég byrjaði að horfa á fótbolta út af vinnunni.
  - Ég stamaði einu sinni og þurfti að fara í talþjálfun.
  - Ég hef meiri áhuga á strandblaki kvenna en fótbolta.

Besti leikmaður Manchester United frá upphafi er

- Ryan Giggs
- Eric Cantona
- David Beckham
- Wayne Rooney
- 

Af því að Giggs er enn þú þetta sig 37 ára fagnað

Uppáhaldsþróttamaðurinn minn er Zidane en Tiger Woods finnst mér stórlega ofmeinn.

Skemmtilegasti íþróttafréttamaðurinn fyrir utan mig er

- Gaupi
  - Hjörvar Hafliða
  - Adolf Ingi
  - Valtýr Björn
  - Bjarni Fel
- Af því að allir Finir en Mortin Tyler er 2. best

Uppáhaldsmaturinn minn er Hamborg en ég kúgast við tilhugsunina um að borða Súrmat

Þegar ég var litill langaði mig til að verða

- Þróttamaður
  - Íþróttafréttamaður
  - Íþróttafraeðingur
  - Íþróttanuddari
  -
- Af því að er og var 2. stórur

Eiginhandarátunin mín lítur svona út:  
Þórunn Magnússon



Af eftirfarandi myndi ég helst vilja fara í keilu með

- Loga Geirs og Óla Stefáns
  - Tryggva Guðmunds og Matta Vill
  - Adolfi Inga og Hjörvari Hafliða
  - Sveppa og Audda
  - Völu Grand og Haffa Haff
- Af því að Maður er þetta bog og bl.

LANDSBANKAÐEILD KARLA 2011

Markahæsti leikmaðurinn verður Matt. Vill sem spilar með FH

Bjartasta vonin er Tommy Nielsen sem spilar með FH

Flest rauð spjöld fær Valgeir Fannar sem spilar með Fylki  
FH-inga verða Íslandsmeistarar.

Ég grét yfir

- The Notebook
  - Titanic
  - Marley & Me
  - Armageddon
  - Moulin Rouge
- Af því að Græt yfir Cinema Paradiso

Það sem fáir vita um mig er þú og er rölegri en þú ert haldur Finnstoft

Vinir mínir kalla mig Hödda en þú mátt kalla mig Þórunn

Síðasta sms sem ég fékk var frá Baldri Kristi Jónsson og í því stóð Þetta getur upp sjálfst í Steiðunni

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Hlustu á Supper's Ready með GENESIS


## Síðast en ekki síst

» Þórunn Antonía, tónlistar- og leikkona, fílar:

**Kvikmynd** Ég fór að sjá ítölsku kvikmyndaperluna **Cinema Paradiso** í Háskólabíói um daginn og var algjörlega heilluð af henni og brosti allan tímann. Svo mæli ég með að allir sjái The Story Of Anvil sem er geðveikt myndin og skemmtileg heimildarmynd um kanadíska þungarokkhljómsveit sem hefur verið að spila saman í 30 ár og er ennþá að reyna að meika það.

**Þáttur** **The Wire** eru með bestu þáttum sem ég hef séð. Mig langaði til að spóla til baka og horfa á þá alla aftur um leið og ég kláraði þá. Svo elska ég The Sopranos. Ég var lasin um daginn og horfði á þá samfleytt í 13 klukkutíma með vinkonu minni. Undir lokin vorum við farnar að tala með New Jersey-hreim og alvarlega farnar að ihuga smá larp.

**Vefsíða** **Icanhascheezburger.com** er mjög góð síða ef þú fílar ketti í manneskjufötum. Svo er alltaf gaman að kíkja á Vice.com á Do's and Dont's.



**Bók** **Chronicles** eftir **Bob Dylan** um líf hans og listir er frábær. Svo er **Mötley Crüe: The Dirt** alveg ótrúleg lesning en ég vara við að hún fær síðprúðasta fólk til að langa að djamma, ganga í leðri og sofa hjá grúppium.

**Plata** Ein af mínum uppáhaldsplötum er **Rumours** með **Fleetwood Mac** sem var tekin upp í Kaliforníu árið 1976. Þetta er algjört meistaraverk og saga hljómsveitarinnar er líka rosaleg. Ég mæli með því að kynna sér hana meðan hlustað er á plötuna.

**Staður** Í augnablikinu er það **Babalú** á Skólavörðustíg en ég hef samt bara komið þangað einu sinni. Ég hugsa að ég muni fara þangað oftar með hækkanði sól af því þar er geðveikur útipallur sem er tilvalinn fyrir bjórdrykkju!





FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR „IRON MAN”



MARVEL STUDIOS

# THOR

KOMIN Í BÍÓ

THOR.MARVEL.COM

MARVEL

TM & © 2011 Marvel Studios, LLC. All Rights Reserved.



IMAX 3D is a registered trademark of IMAX Corporation.

FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS







**0 kr.**  
 að hringja innan  
 kerfis Símans  
 með 1.990 kr.  
 áskrift.\*

# Vertu með Netið í símanum!

**300 MB** fyrir aðeins **490 kr.** á mánuði

[www.ring.is](http://www.ring.is) / [m.ring.is](http://m.ring.is)



[www.facebook.com/ringjarar](http://www.facebook.com/ringjarar)



VERTU MEÐ

\* 1.500 min/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. Inneign til að hringja í önnur kerfi